



Bæjarstjórn Garðabæjar 15. (893)/2021

Boðað er til 15. (893). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. nóvember 2021 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2110046F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/10 '21.
2. 2110060F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/11 '21.
2102111 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð við Víðiholt á Álftanesi.

2102110 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir félagssvæði Hestamannafélagsins Sóta á Álftanesi.

2110240 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðar fyrir inntaks- og þjónustuhús í almenningsgarðinum Miðgarði.

2007282 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 14.
3. 2110036F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 20/10 '21.
4. 2110053F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 28/10 '21.
5. 2109064F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 27/10 '21.
6. 2110032F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 19/10 '21.
7. 2110057F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 27/10 '21.
8. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/10 '21.
9. 2102291 - Fundargerð 35. eigendafundar Sorpu bs. frá 22/10 '21.
10. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 22/10 '21.
11. 2110274 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
12. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025)

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar

14. (892). fundur 2021

Fimmtudaginn 21. október 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Stella Stefánsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kjartan Örn Sigurðsson, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vefsíðu bæjarins.

Björg Fenger, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 7. október 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2110020F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/10 '21.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., innritun barna í leikskóla haustið 2021 og fjölgun húseininga fyrir leikskólastarfsemi.

Fundargerðin sem er 16 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2110035F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/10 '21.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025).

Afgreiðsla mála.

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna breytinga og samruna á landnotkunarreitum 5.04 Vþ og 5.08 Vþ sem verður eftir breytingu 5.04 Vþ og minnkar úr 9,6 ha í 3,5 ha. Landnotkunarreitir 5.05.Íb stækkar úr 60,8 ha í 66,9 ha eða um 6,1 ha. Samhliða er lögð fram breyting á deiliskipulagi.“ (Mál nr.2110166)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts sem gerir ráð fyrir að breyta lóðinni við Urriðaholtsstræti 9 úr lóð fyrir verslun og þjónustu í íbúðarhúsalóð fyrir 50 ára og eldri.“ (Mál nr. 2105343)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns sem gerir ráð fyrir hækkun nýtingarhlutfalls.“ (Mál nr. 2108423)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna stækkunar kjallararýmis einbýlishússins að Frjóakri 9.

Tillagan var grenndarkynnt og komu fram athugasemdir og verður þeim sem þær gerðu tilkynnt um niðurstöðu málsins að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar.“ (Mál nr. 2007640)

Björg Fenger, vék sæti við afgreiðslu málsins.

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um vinnureglur varðandi vegg og girðingar.“ (Mál nr. 2007072)

Fundargerðin sem er 17 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2110023F - Fundargerð ípróttá- og tómstundaráðs frá 12/10 '21.

Björg Fenger, ræddi 4. tl., Dale Carnegie námskeið í sjálfstyrkingu unglunga, 5. tl., forvarnarviku Garðabæjar, 7. tl., innleiðingu ákvæða laga um farsæld barna og 8. tl., ofbeldi af hálfu barna.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif COVID-19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif COVID-19.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 2. tl., fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif COVID-19.

Fundargerðin lögð fram.

4. 2110015F - Fundargerð leikskólanefndar frá 13/10 '21.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2110028F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 14/10 '21.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á Arnarneshálsi og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Undirritaður lýsir andstöðu sinni við þessi áform um uppbyggingu á Arnarneshálsi. Að mínu mati á þetta svæði ekki að fara undir vöru- og lagerhúsnæði. Það er ekki samræmi við aðliggjandi byggð á svæðinu. Í öðru lagi finnst mér ekki skynsamlegt að reisa þarna íbúðir sem eru eingöngu ætlaðar 50 ára og eldri. Það væri mun skynsamlegra að hafa þarna íbúðabyggð fyrir alla aldurshópa.“

Kjartan Örn Sigurðsson, kom til fundarins kl. 17:20.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á Arnarneshálsi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á Arnarneshálsi.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 3. tl., breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á Arnarneshálsi og 10. tl., vinnureglur um vegg og girðingar.

Gunnar Einarsson, ræddi uppbyggingu í Urriðaholti.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi uppbyggingu í Urriðaholti.

Ingvar Arnarson, ræddi uppbyggingu í Urriðaholti.

Gunnar Einarsson, ræddi uppbyggingu í Urriðaholti.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi uppbyggingu í Urriðaholti.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi uppbyggingu í Urriðaholti.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi uppbyggingu í Urriðaholti.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2110027F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/10 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., utanvegahlaup í landi Garðabæjar, 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum, 9. tl., loftlagsstefnu Garðabæjar. 7. tl. ástandsskoðun á skiltum á náttúrusvæðum í Garðabæ.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., utanvegahlaup í landi Garðabæjar og 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum og 5. tl., sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021 – 2032 á Suðvesturlandi.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi, 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, 1. tl., utanvegahlaup í landi Garðabæjar, 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum og 7. tl., ástandsskoðun á skiltum á náttúrusvæðum í Garðabæ.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., utanvegahlaup í landi Garðabæjar 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum og 6. tl., veiðileyfi í Vífilsstaðavatni.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi að nýju 1. tl., utanvegahlaup í landi Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 7. tl., ástandsskoðun á skiltum á náttúrusvæðum í Garðabæ.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., aðgerðir til að fækka sílamávum. Gunnar ræddi kynningarfund um uppbygginu golfvallar í Urriðakotshrauni.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi kynningarfund um uppbygginu golfvallar í Urriðakotshrauni.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2102176 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 8/10 og 13/10 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., fg. frá 8/10, frumhönnun og kostnaðarmat við gerð nýrrar endurvinnslustöðvar, 3., tl., fg. frá 8/10, stöðuna varðandi framkomna galla GAJU, 4. tl., fg. frá 8/10, breytingar á móttökuskilmálum í Álfsnesi og Gufunesi 5. tl., fg. frá 8/10, niðurstöðu útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi og 1. tl., fg. frá 13/10, sátt í máli fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., fg. frá 8/10, niðurstöðu útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi og 1. tl., fg. frá 13/10, sátt í máli fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 5. tl., fg. frá 8/10, niðurstöðu útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., fg. frá 8/10, niðurstöðu útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Gunnar Einarsson, ræddi málefni Sorpu bs. og kynnti drög að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Þá ræddi Gunnar 5. tl., fg. frá 8/10 niðurstöðu útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi málefni Sorpu bs.

Fundargerðirnar lagðar fram.

8. 2101346 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 4/10 og 15/10 '21.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 8. tl., fg. frá 4/10, umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins, 7. tl., fg. frá 4/10, Rjóðrið – þjónusta við langveik börn, 14. tl. fg. frá 4/10, tillögur að fyrirkomulagi almenningsamgangna, 10. tl., fg. frá 4/10, skoðanakönnun vegna kynningarfunda fyrir kjörna fulltrúa.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 6. tl., áfanga- og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Gunnar Einarsson, ræddi 14. tl. fg. frá 4/10, tillögur að fyrirkomulagi almenningsamgangna og 10. tl., fg. frá 4/10, skoðanakönnun vegna kynningarfunda fyrir kjörna fulltrúa.

Fundargerðirnar lagðar fram.

9. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 6/10 '21.

Gunnar Einarsson, ræddi 9. tl., salernismál í Bláfjöllum.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2102441 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 17/9 '21.

Fundargerðin lögð fram.

11. 2102249 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 1/10 '21.

Fundargerðin lögð fram.

12. 2102292 - Fundargerðir eigendafundar Strætó bs. frá 4/10 og 15/10 '21.

Fundargerðirnar lagðar fram.

13. 2110027 - Gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins vegna leyfisveitinga.

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir breytingum á framlagðri gjaldskrá en gert er ráð fyrir 2,6% hækkun.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins árið 2022.

14. 2110027 - Gjaldskrá fyrir hundahald.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá hundahalds árið 2022.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 21. október 2021 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Kjartan Örn Sigurðsson, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
41. (199).. fundur 2021

Þriðjudaginn 26. október 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sigurður Guðmundsson varamaður, Gunnar Einarsson varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025)

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021 og árin 2022 - 2024, ásamt forsendum og framkvæmdayfirlíti.

Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2022 eru:

Heildartekjur	20.131.731 þkr.
Heildargjöld	17.925.220 þkr.
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	2.206.511 þkr.
Afskriftir	(1.225.940) þkr.
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	980.571 þkr.
Fjármunatekjur (fjármagngjöld)	(931.795) þkr.
Rekstrarniðurstaða	48.776 þkr.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025) til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð fimmtudaginn 4. nóvember 2021.

Á fjarfundi undir þessum dagskrárlið voru bæjarfulltrúarnir Björg Fenger og Gunnar Valur Gíslason.

2. 2109388 - Vetrarmýri - sala og úthlutun lóða

Á fund bæjarráðs mættu Eyjólfur Berg Axelsson og Anton Felix Jónsson starfsmenn Íslandsbanka og gerðu grein fyrir kynningargögnum og skilmálum vegna sölu og úthlutun á byggingarrétti lóða í Vetrarmýri.

Bæjarráð samþykkir að byggingarréttur lóða við Vetrarbraut samkvæmt kynningu verði auglýstur til sölu og úthlutunar samkvæmt fyrirliggjandi úthlutunarskilmálum.

Á fjarfundi undir þessum dagskrárlið voru bæjarfulltrúarnir Björg Fenger, Gunnar Valur Gíslason og Jóna Sæmundsdóttir.

3. 2109193 - Kinnargata 44 -Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 44.

- 4. 2109191 - Kinnargata 46 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 46.
- 5. 2109185 - Kinnargata 48 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 48.
- 6. 2109184 - Kinnargata 50 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 50.
- 7. 2108706 - Kinnargata 52 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 52.
- 8. 2108594 - Kinnargata 54 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 54.
- 9. 2108593 - Kinnargata 56 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 56.
- 10. 2108617 - Kinnargata 58 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 58.
- 11. 2108620 - Kinnargata 60 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 60.
- 12. 2108619 - Kinnargata 62 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 62.
- 13. 2108613 - Kinnargata 64 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 64.
- 14. 2108615 - Kinnargata 66 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 66.
- 15. 2108614 - Kinnargata 68 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 68.

- 16. 2107330 - Kinnargata 70 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 70.
- 17. 2108609 - Kinnargata 72- Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 72.
- 18. 2108611 - Kinnargata 74 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 74.
- 19. 2107331 - Kinnargata 76-80 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 76.
- 20. 2108587 - Kinnargata 78 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 78.
- 21. 2108600 - Kinnargata 80 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880, leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 80.
- 22. 2107272 - Mariúgata 5 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bjargi íbúðafélagi hses., kt. 49ö916-0670, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 22 íbúðum að Mariúgötu 5.
- 23. 2109570 - Andvaravellir 3 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Milena Saveria,van den Heerik, kt. 201278-2799, leyfi til að setja kvist á þak hesthússins að Andvaravöllum 3.
- 24. 2110226 - Kjarrmóar 22 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Kristjáni Inga Jóhannssyni, kt. 021289-2809, leyfi til að byggja bílskúr á lóðinni við Kjarrmóa 22.
- 25. 2110208 - Erindi Íþróttafélagsins Aspar varðandi styrk til starfseminnar, dags. 13.10.21.**
Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar íþróttá- og tómstundaráðs og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022.
- 26. 2110254 - Tilkynning frá Hafnarfjarðarbæ varðandi lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 19.10.21.**
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 27. 2110274 - Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi gjaldskrá SHS 2022, dags. 20.10.21.**
Bæjarráð vísar gjaldskránni til afgreiðslu bærstjórnar.

28. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun.

Drög að stefnunni ásamt viðaukum hefur verið send til umsagnar hjá nefndum Garðabæjar og verður einnig kynnt á vef Garðabæjar þar sem íbúar fá að senda inn ábendingar og athugasemdir.

29. 1803346 - Álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af frumkvæðismáli sem varðar stigagjöf í ráðningamálum opinberra starfsmanna, dags. 21.10.21.

Lagt fram.

30. 2109504 - Minnisblað um stöðu innleiðingar innkaupa og úrgangsstefnu Garðabæjar.

Lagt fram.

31. 2109051 - Hönnun - Útboð - Búsetukjarni Brekkuási.

Ein umsókn barst í forvali vegna búsetukjarna í Brekkuási. Umsóknin uppfyllti ekki lágmarkskröfur útboðs og telst því ekki gild.

Bæjarráð samþykkir að hefja samningskaup án undangenginnar auglýsingar sbr. 39. gr. lið a í lögum um opinber innkaup 2016/120 og felur bærjarstjóra afgreiðslu málsins til að halda áfram með verkefnið.

32. 2110312 - Bréf Jóns B.G. Jónssonar um hugmynd að nýju útivistarsvæði í Urriðaholti, dags. 18.10.21.

Lagt fram og vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 26. október 2021 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
42. (2000). fundur 2021

Þriðjudaginn 2. nóvember 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025).

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri mætti á fund bæjarráðs og fór yfir minnisblað varðandi helstu atriði sem lúta að áætlun tekna og útgjöldum málaflokka sem þarf að fara yfir milli umræðna um fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025).

Lagt fram yfirlit yfir mál sem vísað hefur verið til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Á fjarfundi undir þessum dagskrárlið voru Harpa Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi og Guðjón E. Friðriksson bæjarritari.

2. 2110371 - Furuás 4 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Skarfakletti ehf., kt. 460790 -1159, leyfi til að stækka kjallararými einbýlishússins að Furuási 4.

3. 2103505 - Kornakur 7 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Erni Þorsteinssyni, kt. 060579-5209, leyfi til að byggja einbýlishús að Kornakri 7.

4. 2109010 - Maríugata 9 - 11 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir að veita ÞG Íbúðum ehf., kt. 600115-0220, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 42 íbúðum að Maríugötu 9-11.

Vegna fjölgunar íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 914.160 á íbúð m.v. BVT 789,6 stig í nóvember 2021 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi. (8 íbúðir)

5. 2102111 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð við Víðiholt á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi fyrir Víðiholt á Álftanesi.

Á auglýsingartíma skal boða til kynningarfundar í Álftanesskóla.

6. **2102110 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir félagssvæði Hestamannafélagsins Sóta á Álftanesi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi fyrir félagssvæði Hestamannafélagsins Sóta á Álftanesi.

Á auglýsingartíma skal boða til kynningarfundar í Álftanesskóla.

7. **2110240 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðar fyrir inntaks- og þjónustuhús í almenningsgarðinum Miðgarði.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðar fyrir inntaks- og þjónustuhús á almenningsgarðinum Miðgarði.

Með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. er fallið frá grenndarkynningu þar sem sýnt er að breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins sem er umsækjandi.

8. **2007282 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 14.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 14.

Tillagan var grenndarkynnt og bærust athugasemdir frá íbúum þar sem breytingunni var mótmælt.

9. **2110254 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.**

Lögð fram.

10. **2109387 - Afgreiðsla íþrótt- og tómstundaráðs varðandi endurnýjun samstarfsamninga við frjáls félög.**

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Golfklúbburinn Oddur
Golfklúbbur Álftaness
Hestamannafélagið Sprettur
Hestamannafélagið Sóti
Taflfélag Garðabæjar
Tennisfélag Garðabæjar
Æskulýðsfélag Garðasóknar

Gildistími samninganna er frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

11. **1811027 - Drög að viðauka við samkomulag um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar á miðsvæði Álftaness.**

Bæjarstjóri kynnti viðauka við samkomulag um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar á miðsvæði Álftaness.

Í viðaukanum er gert ráð fyrir að greiðsla vegna sölu byggingarréttar lóða við Hestamýri verði greidd fyrir lok nóvember 2021 í stað lok september 2022 og gegn 1% afslætti að kaupverði byggingarréttar lóðarinnar.

Þá er gert ráð fyrir breytingu á framkvæmdatíma byggingu húsa á lóðunum. Framkvæmdir við munu hefjast í nóvember 2021 í stað janúar 2021 og ljúka í maí 2025 í stað mars 2024.

Bæjarráð samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti.

12. **2110241 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Óla og co ehf., um rekstrarleyfi fyrir veitingastað á Garðaholti.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að Óla og Co ehf. verð veitt leyfi fyrir veitingarekstur að Garðaholti.
13. **2106022 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru á framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar við Eskiás o.fl.**
Í úrskurðarorði kemur fram að kærumálinu er vísað frá úrskurðarnefndinni.
14. **2110339 - Erindi félagsmálaráðuneytis varðandi tilnefningu fulltrúa sveitarfélags vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, dags. 25.10.21.**
Bæjarstjóri upplýsti að Snædís Björnsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri á fjölskyldusviði Garðabæjar, hafi verið tilnefnd sem fulltrúi Garðabæjar vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
2110401 - Bréf Afl lögmanna f.h. Quick hús ehf. varðandi upplýsingar um framkvæmd
15. **verksamnings við Íslenska aðalverktaka hf. vegna byggingar fjölnota íþróttahúss, dags. 28.10.21.**
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.
16. **2110334 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands varðandi ágóðahlutagreiðsla 2021, dags. 22.10.21.**
Lagt fram bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands þar sem fram kemur að ágóðahluti Garðabæjar árið 2020 er að fjárhæð kr. 3.258.000.
17. **2110411 - Ósk Garðabæjarlistans um minnisblað er varðar fjölda nemenda á unglíngastigi**
Lagt fram.
18. **2110365 - Kynning ÖBÍ á tækifærum til að bæta aðgengismál fatlaðs fólks í sveitarfélaginu.**
Bæjarstjóri greindi frá að í undirbúningi væri að vinna að umsókn inn í fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna verkefna sem unnið hefur verið að og fyrirhugað er að vinna að til að bæta aðgengi fatlaðs fólks í sveitarfélaginu.

Bæjarráð vísar kynningunni til umfjöllunar í samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 2. nóvember 2021 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

11. fundur 2021

Miðvikudaginn 20. október 2021 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir umsjónarfélagsráðgjafi, Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri og Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2107459 - Umsókn um félagslega heimaþjónustu

Tekið er fyrir mál nr. 2107459 áfryjun vegna umsóknar um félagslega heimaþjónustu. Fjölskylduráð samþykkti umsókn um heimaþjónustu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 2109272 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2109272 umsókn um námsstyrk vegna náms á framhaldsskólastigi. Fjölskylduráð samþykkti umsóknina. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 2110187 - Umsókn um fjárhagsaðstoð trygging

Tekið er fyrir mál nr. 2110187, umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

4. 2110209 - Umsókn um fjárhagsaðstoð trygging

Tekið er fyrir mál nr. 2110209, umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

5. 2110194 - Umsókn um fjárhagsaðstoð trygging húsaleigu

Tekið er fyrir mál nr. 2110194, umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

6. 2003058 - Félagslegt leiguhúsnaði í Garðabæ - skjöl og vinnsla mála

Mál nr. 2003058 tekið fyrir, kynning Snædísar Björnsdóttur, verkefnastjóra fjárhagsaðstoðar og félagslegs húsnaðis í Garðabæ á stöðu félagslegs húsnaðis í Garðabæ. Fjölskylduráð fjallar um málið og starfsmenn svara spurningum ráðsins.

7. 2109239 - Fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif COVID-19

Mál nr. 2109239, fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif COVID-19 lagðar fram og kynntar.

8. 1903268 - Tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021

Tölfræði í barnavernd og fjárhagsaðstoð fyrstu níu mánuði ársins lögð fram til kynningar og

umræðu.

9. 2109217 - Vettvangur fyrir samfélagslega nýsköpun í Garðabæ.

Mál nr. 2109217, erindi frá Almannaheill, samtökum þriðja geirans lagt fram til kynningar. Í bréfinu kemur m.a. fram að félagasamtökin hafa fengið starfsaðstöðu í Garðabæ og að óskað er eftir stuðningi við starfsemi samtakanna sem snýr að samfélagslegri nýsköpun. Fjölskylduráð fagnar framtakinu og beinir til fjölskyldusviðs að skoða möguleika á samstarfsflötum.

10. 2110179 - Ofbeldi af hálfu barna

Mál nr. 2110179, ofbeldi af hálfu barna, lagt fram til umræðu. Hildigunnur Árnadóttir, umsjónarfélagsráðgjafi, fer yfir fjölda tilkynninga/atvika og forvarnir í Garðabæ ásamt mikilvægi samvinnu við foreldra, lögreglu og skóla. Þá kemur fram að haldnir eru reglulegir teymisfundir barnaverndar með lögreglu og fræðslu- og menningarsviði ásamt því að lögregla hefur verið að fara í grunnskólana til að auka sýnileika sinn.

Fjölskylduráð tekur undir mikilvægi samvinnu við alla hlutaðeigandi til að finna lausn á þessum vanda. Fjölskylduráð óskar eftir að fá að fylgjast með þróun mála hvað ofbeldi barna varðar. Þá leggur fjölskylduráð áherslu á að fjölskyldusvið og fræðslu- og menningarsvið vinni að því að styðja við foreldrarölt í Garðabæ og efla þátttöku skóla, lögreglu og foreldra í forvarnarskyni.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
13. fundur 2021

Fimmtudaginn 28. október 2021 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102111 - Víðiholt íbúðabyggð. Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Víðiholt að lokinni forkynningu ásamt þeim ábendingum og umsögnum sem borist hafa.

Ýmsar breytingar og lagfæringar hafa verið gerðar á forkynntri tillögu.

Helstu breytingar á tillögunni eru:

- Íbúðareiningum fækkar um 9 úr 84 í 75. Íbúðum í fjölbýli fækkar um 6 og í raðhúsum um 3.
- Byggingarreitir fjölbýlishúsa stytast og færast fjær húsum við Asparholt sem nemur 6 metrum.
- Aðkomugata að raðhúsum færast til þannig að raðhúslengjur samanstanda nú af 3 lengjum með 5 húsum og 3 lengjum með 3 húsum.
- Byggingarreitir raðhúsa færast fjær raðhúsum við Lyngholt.
- Ekki er lengur gert ráð fyrir göngustíg frá Víðiholti að hesthúsahverfinu og manir stækkaðar.
- Heimilt verður að útbúa litlar og grunnar settjarnir vegna ofanvatslausna hjá leikssvæðum.
- Göngustígur færast fjær raðhúsum við Lyngholt og gert verður ráð fyrir göngustíg meðfram lóðarmörkum milli fjölbýlishúsa í Víðiholti og Asparholti.
- Spennistöð við Breiðumýri færast um lítillega til suðurs.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga. Boða skal til kynningarfundar í Álftanesskóla á auglýsingartíma.

2. 2102110 - Félagssvæði Sóta. Deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Félagssvæðis Sóta að lokinni forkynningu.

Ábendingar og umsagnir sem borist hafa lagðar fram.

Helstu breytingar á tillögunni eru:

- Mön sem aðskilur íbúðabyggð og hesthúsasvæði verður samfeld og göngustígur á milli felldur út.
- Hestagerði fært inn á opið svæði við Suðurnesveg og bætt við mön meðfram vegi.
- Ekki verður gert ráð fyrir settjörnum innan hesthúsasvæðisins vegna

öryggissjónarmiða.

- Byggingarreitir nýrra hesthúsa breikkaðir lítillega.
- Byggingarreit fyrir dómarahús breytt.
- Reiðleiðum innan svæðis breytt vegna öryggissjónarmiða.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga. Boða skal til kynningarfundar í Álftanesskóla á auglýsingartíma.

3. **2107195 - Kaupún 1 - Ósk um stækkun - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Kaupúns sem nær til lóðarinnar Kaupún 1.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

Byggingarreitur á lóð 1 er stækkaður um 760 m², þar af 150 m² til vesturs vegna fyrirhugaðs anddyris en um 600 m² til austurs. Hámarksbyggingarmagn er aukið úr 8.100 m² í 8.400 m².

Að öðru leyti skulu gilda skilmálar sem koma fram í áður samþykktum deiliskipulagsskilmálum.

Skipulagsnefnd leggur til að útfærsla byggingar og lóðar á lóðarmörkum að ofanverðu verði sýnd með skýringamyndum og samráð verði haft við eigendur og rekstraraðila í Urriðaholtsstræti 2. Nefndin minnir á grein 7.1.9. í greinargerð gildandi deiliskipulags þar sem kveðið er á um að þak á nýjum hluta hússins skuli þakið náttúrulegum efnum svo sem grasi, mosa eða lyngmóa.

Vísað til skoðunar og úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

4. **2007282 - Blikanes 14**

Tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu lögð fram að lokinni grenndarkynningu og úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

Íbúar og eigendur húsa við Blikanes og Mávanes hafa með athugasemdum sínum hafnað hugmyndum að stækkun byggingareita á framlóðum í Blikanesi og Mávanesi. Ennfremur mælti deiliskipulagsráðgjafi ekki með því að sú breyting yrði gerð á deiliskipulaginu.

Tillögu að breytingu deiliskipulags vegna stækkunar byggingarreits á framlóð á Blikanesi 14 er því hafnað.

Skipulagsstjóri vék af fundi undir þessum lið.

5. **1604105 - Hraunhólar 14 - fyrirspurn um deiliskipulag o.fl.**

Lögð fram umsókn lóðarhafa Hraunhóla 14 um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að suðurmörk og byggingarreitur lóðar sé í samræmi við aðrar lóðir við Hraunhóla.

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

6. **2110240 - Hönnun - Útboð - Miðgarður Urriðaholt**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir 57 m² lóð með 28 m² byggingarreit fyrir inntaks og þjónusutuhús í almenningsgarðinum Miðgarði.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta í samræmi við 2.mgr.43 gr.Skipulagslaga og fellir niður grenndarkynningu í samræmi við 3.mgr.44gr.sömu laga þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins.

7. 2110364 - Lindarflöt 44 viðbygging - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn arkitekts fyrir hönd lóðarhafa hvort heimilað verði að stækka byggingarreit á baklóð vegna viðbyggingar sem verður í 1 metra fjarlægð frá lóðarmörkum og að lengja bílageymslu sem stendur við lóðarmörk um 2,9 metra úr 9 í 11,9.

Vísað til frekar skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

8. 2110375 - Seinakur 4 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að bílageymsla í kjallara verði opin og óupphituð. Samkvæmt skilmálum skal bílageymsla vera innbyggð.

Með vísan í önnur hús í Akrahverfi með sambærilegri útfærslu telur nefndin að bílageymslan geti talist innbyggð þó að hún sé opin á tvo vegu. Bílskýlið skal hafa rými fyrir 2 bíla auk 3 bílastæða á lóð.

9. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Drög að lýðræðisstefnu Garðabæjar lögð fram og innihald hennar rætt. Málinu frestað til næsta fundar skipulagsnefndar.

10. 2110254 - Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025æ Breyting. Skipulagslýsing

Lagðar fram tvær skipulagslýsingar á tillögum á að breytingum Aðalskipulags Hafnarfjarðar sem annarsvegar til lóðarinnar Smyrlahraun 41a og hinsvegar til Miðbæjar, svæðis M1.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingarnar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
35. fundur 2021

Miðvikudaginn 27. október 2021 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sófus Gústavsson varamaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ásta Kristín Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi og Jóhann Skagfjörð Magnússon fulltrúi skólastjóra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2110303 - Fjárhagsáætlun 2022

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, kynnti vinnuferla við gerð fjárhagsáætlun, stöðu vinnunnar og næstu skref.

2. 2110302 - Starfsáætlanir grunnskóla 2021

Starfsáætlanir grunnskóla lagðar fram og kynntar. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með vel unnar áætlanir.

3. 2109367 - Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2021

Lagt fram til kynningar.

4. 2012042 - Skólastefna Garðabæjar 2020

Upplýst um stöðu við endurgerð menntastefnu og farið yfir næstu skref.

5. 2110304 - Menntadagurinn 2021

Farið yfir Menntadaginn 2021 sem haldinn var í fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla. Opnuð var undirsíða á vef Garðabæjar, þar sem hægt er að skoða þróunarsjóðsverkefni sem hlotið hafa styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar frá upphafi, fyrir leik- og grunnskóla. Starfsfólki á báðum skólastigum gafst kostur að taka þátt í 29 málstofum þar sem kynntar voru helstu niðurstöður þeirra verkefna sem hlotið hafa styrk sjóðnum undanfarin ár.

6. 2110305 - Forvarnarvika í Garðabæ 2021

Farið var yfir forvarnarvikuna í Garðabæ sem haldin var 13.-20. október. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með fjölbreytt og áhugaverð verkefni vikunnar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar
2. fundur 2021

Þriðjudaginn 19. október 2021 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson, Unnur B. Johnsen, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir, Laufey Ólafsdóttir skólastjóri og Edda Björg Sigurðardóttir deildarstjóri skóladeildar.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Formaður hóf fundinn með því að minnast Sigrúnar Gísladóttur sem lést í sumar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2104103 - Starfsemi Tónlistarskólans 2021-2022.

Skólastjóri fór yfir skólastarfið undanfarnar vikur og sagði frá starfseminni. Skólastarfið fór vel af stað og nú er hægt að halda úti allri starfsemi skólans í ljósi núgildandi sóttvarnarreglna. Fram undan eru hausttónleikar skólans í húsnæði skólans í Kirkjulundi og í nýjum sal grunnskólans á Álftanesi. Þá heldur stórsveit skólans stórtónleika ásamt söngnemendum 26. október nk. Fram undan eru masterklassar með ýmsum listamönnum fyrir lengra komna nemendur skólans.

2. 2104103 - Fjárhagsáætlun, undirbúningur og staða.

Rætt um óskir um kaup á búnaði og um fjölgun stöðugilda við skólann til að mæta biðlistum. Þá var rætt um óskir um að stækkun skólans í Kirkjulundi yrði sett á áætlun og gert væri ráð fyrir stækkun tónlistarskólans í samræmi við fjölgun íbúa á Álftanesi. Skólanefndin styður þessar óskir og bendir á að fjölgun íbúa í Garðabæ kalli á stækkun tónlistarskólans.

3. 2104103 - Menntastefna - Skólastefna Garðabæjar, endurskoðun

Undanfarna mánuði hefur farið fram vinna við endurgerð menntastefnu Garðabæjar til ársins 2030. Formaður fór stuttlega í gegnum þá vinnu og rætt var um málefni Tónlistarskóla Garðabæjar í væntanlegri menntastefnu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
37. fundur 2021

Miðvikudaginn 27. október 2021 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911396 - Loftlagsstefna Garðabæjar

Vinna við mótun loftlagsstefnu Garðabæjar, fyrir stofnanir og innri rekstur Garðabæjar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
270. fundur heilbrigðisnefndar 25. október 2021

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. september 2021. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar, sem ritaði fundargerð.

1. Skipulagsmál

1.1. *Garðabær, Vífilsstaðahraun, Maríuhellar og Vatnsmýri, skipulagslýsing.*

Lagt fram erindi frá Önnu Maríu Guðmundsdóttur verkefnastjóra tæknideildar Garðabæjar frá 18. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna áformaðs deiliskipulags *Vífilsstaðahrauns, Maríuhella og Vatnsmýrar*. Með erindinu fylgdi greinargerð, tillaga að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags sem unnin var af Landslagi fyrir Garðabæ og sem dagsett er 20. september 2021. Umrætt svæði hefur að stórum hluta verið friðlýst frá árinu 2014 en árið 2021 var friðlýsingin endurskoðuð og þá var Vatnsmýrinni bætt við. Áformað er að svæðið verði gert að fólkvangi en auk þess verður lögð áherslu á stígakerfi sem bæði tengir saman nærliggjandi hverfi og sem falla eigi að friðlýsingu svæðisins.

Heilbrigðisnefnd fagnar áformum Garðabæjar um að gera svæðið að fólkvangi.


1.2. *Hafnarfjörður. Lýsing á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, miðbæjarsvæði M1.*

Lagt fram erindi frá Önnu Margréti Tómasdóttur verkefnastjóra í umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar frá 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á lýsingu vegna breytingar aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Miðbæjarsvæði M1. Fram kemur að; „allt rými á jarðhæð í miðbænum verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu en stefnt sé að aukinni íbúðabyggingu í miðbænum“ en síðar; „að þar sem aðstæður leyfa megji gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga“.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu á áformaðri breytingu á Miðbæjar-svæðinu í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. En nefndin vill þó árétta að við breytingar á húsum og við breytingar á nýtingu húsa þarf að tryggja fulla aðgreiningu milli íbúða og atvinnustarfsemi. Tryggja þarf að hljóðvist í íbúðum á efri hæðum uppfylli þær kröfur sem koma fram í reglugerð um hávaða og að íbúar verði ekki fyrir ónæði, vegna lykta eða annarra þátta er tengist nærliggjandi atvinnustarfsemi.

1.3. *Hafnarfjörður. Lýsing á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, vegna lóðarinnar Smyrlahrauni 41a.*

Lagt fram erindi frá Önnu Margréti Tómasdóttur verkefnastjóra í umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar frá 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn frá heilbrigðiseftirliti

1  SMG E WAP JL

Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar er varðar lóðina að Smyrlahrauni 41 a.

Tillagan gerir ráð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk á svæði sem var skilgreint sem þjónustureitur inni í grónu íbúahverfi.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu á áformaðri breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

1.4. Kópavogur, gerð hliðarvegs meðfram hluta Suðurlandsvegur í Lækjarbotnum.

Þann 24. september 2021 barst heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun um gerð hliðarvegur meðfram hluta Suðurlandsvegur í Lækjarbotnum. Framkvæmdin tengist breikkun Suðurlandsvegur milli Fossvalla og Hólmsár og er á forræði Vegagerðarinnar. Tilkynningin er með vísan til 19. greinar laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Með erindi Vegagerðarinnar fylgir skýrsla; Breikkun Suðurlandsvegur: „Fossvellir – Hólmsá Hliðarvegir í Lækjarbotnum. Tilkynning um framkvæmdir / Fyrirspurn um matsskyldu“, dagsett september 2021. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um ofangreinda framkvæmd. Frestur til að veita umsögn var gefin til 25. október en stofnunin veitti frest til 1. nóvember.

Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á að áformuð framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegur í gegnum vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hafa verið í bígerð um langt árabil og fóru þau áform í gegnum mat á umhverfisáhrifum fyrir liðlega áratugi síðan. Nefndin lítur svo á að gerð hliðarvegur sé óhjákvæmileg framkvæmd til að tryggja umferðaröryggi í tengslum við breikkun Suðurlandsvegur. Bæði er varðar umferð frá Waldorfsskóla og frá hluta sumarhúsabyggðarinnar í Lækjarbotnum. Nefndin hefur þegar samþykkt starfsleyfi vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur á sama svæði.

2 Starfsleyfi

Garðabær


2.1 Ásgarður 2, Garðabær – niðurrif

Lögð fram umsókn Þorsteins Auðuns Péturssonar, f.h. WN ehf., kt. 680105-1110, dags. 27.09.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Ásgarði 2, fasteignanr. 2069242 og 2069243. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi staðfest frá 04.10.2021-31.10.2021.

2.2 Bæjarbraut 7, Garðabær – samkomusalur

Lögð fram umsókn Guðbjargar Lilju Sveinsdóttur, f.h. Skátafélagsins Vífils ehf., kt. 530576-0439 dags. 03.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomusal að Bæjarbraut 7, Garðabæ. Fasteignanr. F2268081. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.



2.3 Garðaholt, Garðabæ – samkomuhús

Lögð fram umsókn Ólafs Helga Kristjánssonar, f.h. Óli & Co ehf., kt. 450221-0580 dags. 18.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomusal að Garðaholti, Garðabæ.

Fasteignarnr. F2072695. Ný starfsemi (eigendaskipti).

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.4 Garðatorg 1, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sveinbjargar Jónsdóttur, f.h. Me og Mu ehf., kt. 510521-1880, dags. 28.09.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi til dreifingu matvæla að Garðatorgi 1, Garðabæ.

Fasteignanr.: F2070120.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2021.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 5.10.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaeglugerða er er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.5 Langalína 8, Garðabær – grunnskóli

Lögð fram umsókn Kára Jónssonar, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 11.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir grunnskóla, Sjáländsskóla, að Löngulínu 8, Garðabæ.

Fasteignanr. F2273477. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.6 Skeiðarás 3, Garðabær – rafmagnsverkstæði

Lögð fram umsókn Ragnars Þórs Jörgensen, f.h. Rafboði ehf., kt. 530993-2809 dags. 13.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rafmagnsverkstæði að Skeiðarási 3, Garðabæ.

Fasteignarnr. F2072119 og F2281015. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

2.7 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Irenu Auðar Pétursdóttur, kt. 610519-0320 dags. 06.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.


Fasteignarnr. F207-4240. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.8 Hlíðarþúfur 317, Hafnarfjörður – reiðskóli

Lögð fram umsókn Stefanie Gregersen, f.h. Hestastelpur/ Gregersen ehf., kt. 630921-1550 dags. 28.09.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir reiðskóla að Hlíðarþúfum 317, Hafnarfirði.

Fasteignarnr. F2076732. Ný starfsemi.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including 'SMC', 'E', 'S', and 'JL'.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.10.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.

2.9 Hraunvangur 7, Hafnarfjörður – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Helgu Steingrímsdóttur, kt. 150683-5569 dags. 05.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu að Hraunvangi 7, Hrafnistu, Hafnarfirði.

Fasteignarnr.F2077653. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.10 Hringhella 7, Hafnarfjörður – verkstæði fyrirtækis

Lögð fram umsókn Sigurðar Gylfasonar, f.h. Grafa og Grjót, kt. 580202-2090 dags. 01.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verkstæði fyrirtækis að Hringhelli 7, Hafnarfirði.

Fasteignarnr.F2330153. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.19.10.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykktri notkun fasteignar.

2.11 Lækjargata 34b, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Hildar Ásgeirsdóttur, f.h. Skipt í miðju ehf., kt. 460809-0370 dags. 22.09.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Lækjargötu 34b, Hafnarfirði.

Fasteignarnr.F2077653. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.12 Óseyrarbraut 16, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Sigþórs Sigurðssonar, f.h. Colas Ísland., kt. 420187-1499, dags. 04.10.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs bikbirgðatanks að Óseyrarbraut 16, fasteignarnr. F2078517.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi staðfest frá 01.11.2021-1.12.2021.

2.13 Reykjavíkurvegur 39a, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Ívars Arnar Árnasonar, kt. 120482-6029, dags. 17.10.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Reykjavíkurvegi 39a, fasteignarnr. F2511557.


Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi staðfest frá 18.10.2021-18.11.2021.

2.14 Steinhella 1H, Hafnarfjörður – vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Hrafns Helgasonar, f.h. Cyltech ehf., kt. 671217-0550 dags. 14.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir véla/renniverkstæði að Steinhelli 1H, Hafnarfirði.

Fasteignarnr.F2287447. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.10.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 20.10.2021.



Með vísun til ákvæða mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.15 Suðurehella 5, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Magnúsar Más Adólfssonar, f.h. RAX-Vöruhús ehf., kt. 600421-1820 dags. 01.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi dreifingu matvæla að Suðurehelli 5, Hafnarfirði. Fasteignarnr.F2330645. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.10.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.16 Suðurehella 10, Hafnarfjörður – ryðvarnarverkstæði

Lögð fram umsókn Smára Hólms f.h. Hja Smára Hólms ehf., kt.640815-0270 dags 24.09.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ryðvarnarverkstæði að Suðurehelli 10, Hafnarfirði.

Fasteignarnr.F2306824. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.10.2021. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags.18.10.2021, þar sem fram kemur að starfsemin sé ekki í samræmi við samþykktu notkun fasteignarinnar, lokaúttekt hafi ekki farið fram.

Með vísun til ákvæða í reglugerð nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um að starfsemin skuli vera í samræmi við samþykktu notkun fasteignar er afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi frestað þar til uppfyllt hafa verið skilyrði byggingafulltrúa.

2.17 Suðurehella 10, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Þorvaldar Stefánssonar, kt. 180266-3569 dags. 13.10.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Suðurehelli 10, Hafnarfirði.

Fasteignarnr.F2306820. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.10.2021. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags.18.10.2021, þar sem fram kemur að starfsemin sé ekki í samræmi við samþykktu notkun fasteignarinnar, lokaúttekt hafi ekki farið fram.

Með vísun til ákvæða í reglugerð nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um að starfsemin skuli vera í samræmi við samþykktu notkun fasteignar er afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi frestað þar til uppfyllt hafa verið skilyrði byggingafulltrúa.

Kópavogur

2.18 Auðbrekka 17, Kópavogur – dansskóli

Lögð fram umsókn Edgars Konráðs Gapubay f.h. Dans ehf., kt. 560404-2040, dags. 05.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dansskóla að Auðbrekku 17, Kópavogi. Fasteignarnr. F2058766. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.19 Bakkabraut 14, Kópavogur – stíflubjónusta

Lögð fram umsókn Bjarna Guðmundssonar, f.h. Stíflubjónusta Bjarna ehf., kt. 510209-1760, dags. 27.09.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir stíflubjónustu að Bakkabraut 14, Kópavogi. Fasteignanr. F2059690. Endurnýjun.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 15.10.2021.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.20 Dalsmári 9-11, Kópavogur – heilsuræktarstöð

Lögð fram umsókn Inga Páls Sigurðssonar f.h. Sporthöllin ehf., kt. 500108-1690, dags. 14.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir líkamsræktarstöð að Dalsmára 9-11, Kópavogi. Fasteignanr. F2222228. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.21 Dalsmári 9-11, Kópavogur – Sjúkraþjálfun

Lögð fram umsókn Hildar Kristínar Sveinsdóttur f.h. Sjúkraþjálfun Sporthúsinu, kt. 660809-0150, dags. 20.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sjúkraþjálfun að Dalsmára 9-11, Kópavogi. Fasteignanr. F2222228. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.22 Dalvegur 20, Kópavogur – bensínstöð

Lögð fram umsókn f.h. Orkan ehf., kt. 680319-0730, dags. 13.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bensínstöð að Dalvegi 20, Kópavogi. Fasteignanr. F2059493. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 26.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni kynningu og auglýsingu í samræmi við reglugerð nr.550/2018.

2.23 Hafnarbraut 10, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Jóns Ágústs Garðarssonar, f.h. Byggingafélagið Bestla ehf., kt. 550714-0510, dags. 20.10.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Hafnarbraut 10, Kópavogi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi staðfest frá 20.10.2021-20.12.2021.

2.24 Hagasmári 1, Kópavogur – matvöruverslun með vinnslu

Lögð fram umsókn Hagkaupa, kt. 430698-3549, dags. 28.09.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með vinnslu að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. 2227650. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.25 Hagasmári 9, Kópavogur – bensínstöð

Lögð fram umsókn f.h. Orkan ehf., kt. 680319-0730, dags. 13.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bensínstöð að Hagasmára 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2235241. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 26.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni kynningu og auglýsingu í samræmi við reglugerð nr.550/2018.

2.26 Hraunbraut 14, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Steinars Orra Sigurðssonar f.h. Storris slf., kt. 530814-0250, dags. 29.09.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hraunbraut 14, Kópavogi. Fasteignanr. F2062595. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.27 Hæðasmári 2, Kópavogur – bensínstöð

Lögð fram umsókn f.h. Orkan ehf., kt. 680319-0730, dags. 13.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð að Hæðasmára 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2280447. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni kynningu og auglýsingu í samræmi við reglugerð nr.550/2018.

2.28 Logasalir 7, Kópavogur – matarvagn

Lögð fram umsókn Hólmgeirs Elíasar Flosasonar f.h. Lowkey ehf., kt. 620921-1300, dags. 30.09.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagn með aðsetur að Logasölum 7, Kópavogi. Fasteignanr. F2062595. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.29 Meltröð 6, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Hjörvars Orra Arasonar, f.h. Orri smiður ehf., kt. 541217-0530, dags. 29.09.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á asbesti við Meltröð 6, fasteignanr. F2064364.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi staðfest frá 06.10.2021 – 15.11.2021.

2.30 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Helgu Haraldsdóttur, f.h. Kerfill ehf., kt. 700921-0770 dags. 01.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.31 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Svanlaugar Erlu Einarsdóttur, f.h. Chillikofinn ehf., kt. 241281-3889 dags. 08.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.32 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Hlyns Rafns Guðmundssonar fyrir hönd Humble ehf. kt.651120-1440 dags. 21.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu, endurpökkun á ávöxtum og grænmeti, að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.33 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Bjarma Grétarssonar, f.h. Green Harvest ehf., kt. 540921-1050 dags. 08.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.34 Núpaland 1, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Kristínar Stefánsdóttur f.h. Tannlæknastofan Perlur ehf., kt. 480900-3910, dags. 29.09.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Núpaland 1, Kópavogi. Fastanúmer. F.2232642 og F2225788. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.09.2021

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.35 Salavegur 2, Kópavogur – bensínstöð

Lögð fram umsókn f.h. Orkan ehf., kt. 680319-0730, dags. 08.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bensínstöð að Salavegi 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2300012. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 26.08.2021.




Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni kynningu og auglýsingu í samræmi við reglugerð nr.550/2018.

2.36 Skemmuvegur 2-4, Kópavogur – bensínstöð

Lögð fram umsókn Guðrúnar Rögnu Garðarsdóttur f.h. Atlantsolía ehf., kt. 590602-3610, dags. 12.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð að Skemmuvegi 2-4, Kópavogi. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.10.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni kynningu og auglýsingu í samræmi við reglugerð nr.550/2018.

SMG  SG 


2.37 Smiðjuvegur 5, Kópavogur – samkomustaður

Lögð fram umsókn Hálfðáns Gunnarssonar f.h. Vegurinn., kt. 460384-0369, dags. 12.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir safnaðarheimili/samkomustað að Smiðjuvegi 5, Kópavogi. Fasteignanr. F2065263. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.38 Urðarhvarf 8, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Magnúsar Jóns Björnssonar f.h. Tannlæknastofan Valhöll ehf., kt. 670106-1360, dags. 31.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Urðarhvarfi 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2300527. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.10.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 20.10.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.39 Víkurhvarf 5, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Svavars Rúnars Ólafssonar, f.h. VESKÚ ehf., kt. 650121-0820, dags. 13.10.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Víkurhvarfi 5, Kópavogi. Fasteignanr. F2289854. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.10.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfi að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkttri notkun fasteignar.

2.40 Vatnsendahæð, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Þórhalls Ólafssonar, f.h. Öryggisfjarskipti ehf., kt. 641106-1430, dags. 06.10.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á gamla útvarpshúsinu á Vatnsendahæð, fasteignanr. F2066734.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi staðfest frá 07.10.2021 -- 01.12.2021.

3 Umsagnir/rekstrarleyfi

Garðabær


3.1 Garðaholt, Garðabær – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn frá Óli & Co ehf. ehf., kt. 450221-0580 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, að Garðaholti, Garðabæ.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2021.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 25.10.2021.

Hafnarfjörður



3.2 Bláfjallavegur Hafnarfjörður– samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Aurora Basecamp, kt. 620371-0689, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Aurora Basecamp, Bláfjallavegi, Hafnarfirði þann 30.10.2021 og 31.10.2021 frá kl. 20.00 – 23.00. Gestafjöldi 150.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.3 Strandgata 6, Hafnarfjörður– samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Bæjarbíó, kt. 611116-0550, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á útisvæði við Strandgötu, Hafnarfirði þann 24.11.2021 – 01.12.2021 frá kl. 11.00 – 01.00. Gestafjöldi 600.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.4 Strandgata 6, Hafnarfjörður– samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Bæjarbíó, kt. 611116-0550, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á útisvæði við Strandgötu, Hafnarfirði þann 02.12.2021 – 09.12.2021 frá kl. 11.00 – 01.00. Gestafjöldi 600.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.5 Strandgata 6, Hafnarfjörður– samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Bæjarbíó, kt. 611116-0550, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á útisvæði við Strandgötu, Hafnarfirði þann 10.12.2021 – 17.12.2021 frá kl. 11.00 – 01.00. Gestafjöldi 600.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.6 Strandgata 6, Hafnarfjörður– samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Bæjarbíó, kt. 611116-0550, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á útisvæði við Strandgötu, Hafnarfirði þann 18.12.2021 – 24.12.2021 frá kl. 11.00 – 01.00. Gestafjöldi 600.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.7 Strandgata 53, Hafnarfjörður– samkoma, tækifærisleyfi


Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla, kt. 430985-0789, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu við Strandgötu, Hafnarfirði þann 14.10.2021 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 650.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

3.8 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fjölbautaskólans í Breiðholti, kt. 590182-1099, þar sem sótt er um leyfi



fyrir samkomu í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 14.10.2021 frá kl. 21.00 – 00.00. Gestafjöldi 650.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.9 Smáratorg 3, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gaming Arena ehf., kt. 440121-0470 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingar í fl. II, að Smáratorgi 3, Kópavogi fnr.F2289966.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.09.2021.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.08.2021.

3.10 Vallakór, Kópavogur – vínveitingar, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.09.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Par 3 ehf., kt. 630410-0960, þar sem sótt er um leyfi fyrir tímabundinni áfengissölu á samkomu í íþróttahúsinu Kórinn við Vallakór, Kópavogi þann 27.11.2021 frá kl. 18.00 – 23.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.11 Vallakór, Kópavogur – vínveitingar, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.10.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sena ehf., kt. 510205-1380, þar sem sótt er um leyfi fyrir tímabundinni áfengissölu á samkomu í íþróttahúsinu Kórinn við Vallakór, Kópavogi þann 27.11.2021 frá kl. 18.00 – 23.00. Gestir 7500.

Jákvæð umsögn staðfest.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Dalvegur 20, Kópavogur – bensínstöð/verslun

Lögð fram umsókn fyrir Orkan (port1 ehf.), kt. 680319-0730, dags. 13.10.2021 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir bensínstöð að Dalvegi 20, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2021.

Tóbaksleyfið er samþykkt.

4.2 Hagasmári 9, Kópavogur – bensínstöð/verslun

Lögð fram umsókn fyrir Orkan (port1 ehf.), kt. 680319-0730, dags. 13.10.2021 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir bensínstöð að Hagasmára 9, Kópavogi.


Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2021.

Tóbaksleyfið er samþykkt.

5 Annað

5.1 Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi

Lagt fram erindi frá frá verkefnastjórn fjögurra sorpsamlaga á Suðvesturhorni landsins, þ.e. Sorpu bs., Sorpurðun Vesturlands, Sorpstöð Suðurlands og Kölku sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Erindið barst 17. september s.l. og með því fylgdi skýrsla: „Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2023 á Suðvesturlandi“ sem unnin var af verkfræðistofunni Mannvit



í samvinnu við verkefnastjórn sorpsamlaganna. Áætlunin hefur verið samþykkt í stjórnnum allra samlaganna og fengið staðfestingu allra 32 sveitarfélaganna sem að áætluninni standa.

Svæðisáætlunin fellur undir ákvæði 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Frestur til að veita umsögn er til 29. október 2021.

Megin markmið í endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs er innleiðing hringrásarhagkerfisins í samræmi við stefnumörkun Evrópusambandsins og ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Hringrásarhagkerfið kallar á breytta meðhöndlun úrgangs og lágmörkun á urðun.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fagnar því að ný svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sé ætlað að byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og hvetur sveitarfélögin og sorpsamlögin á suðvesturhorninu til að vinna þétt og markvisst saman til að koma þessum stóra málaflökki í viðunandi farveg. Það er brýnt að sameinast verði um val á leiðum til að vinna og farga einstökum úrgangsflokkum með þeim hætti að þeir falli sem best að hringrásarhagkerfinu og það á sem vistvænastan hátt.

Heilbrigðisnefnd er samþykk þeim markmiðum aðgerðaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið að breyta þurfi meðhöndlun á; lífrænum úrgangi, brennanlegum úrgangi og óendurvinnanlegu plasti auk þess sem gera þurfi ráð fyrir urðunarstoð fyrir óvirkan úrgang en vekur athygli á að tímamörk áætlunarinnar eru þegar brostin.

Heilbrigðisnefnd telur að aðildarsveitarfélög Sorpu og Sorpa bs verði að aðlaga meðhöndlun einstakra úrgangsflokka betur að hringrásarhagkerfinu og stefnumörkun stjórnvalda en fram kemur í áætluninni.

1. Til að afurðir Gaju standist kröfur þurfa sveitarfélögin að setja fram aðgerðaráætlun um að ná sem fyrst lífrænum úrgangi úr heimilis- og stofnanasorpi.
2. Að sveitarfélögin hafi frumkvæði að því að reist verði sorpbrennsla.
3. Að fundinn verði staður til að urða óvirkan úrgang sem ekki er hægt að brenna sem leyst geti Álfsnes af hólmi. Þá þarf stað til að urða úrgang sem ekki á samleið með öðrum úrgangsefnum.
4. Að aðlaga betur innsöfnun og móttöku úrgangsefna að stefnu stjórnvalda.

Heilbrigðisnefnd skorar á sorpsamlögin 4 og aðildarsveitarfélögin 32 að koma upp vel búnum móttökustað eða móttökustöðvum til að taka á móti og endurvinna olíumengaðan eða efnamengaðan jarðveg.

Loks hvetur heilbrigðisnefnd verkefnastjórn um sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2023 á Suðvesturlandi til að samræma söfnunarkerfi á svæðinu með það að markmiði að meðhöndlun úrgangs sé einföld og skilvirk og hægt sé að samræmi kynningar- og fræðsluefni um mikilvægi hringrásarhagkerfisins.

5.2. Thorsplan, Hafnarfjörður – jólaþorpið

Lögð fram umsókn Rósu Guðbjartsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 18.10.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir útimarkað í sölubásunum í tengslum við jólaþorpið á Thorsplani í Hafnarfirði, frá 26. nóvember – 23. desember.


Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um tímabundið leyfi.

Linda Hrönn Þórisdóttir




Jón Haukur Ingvason


12



SMG


Sigurður Grétarsson


Gnýr Guðmundsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Sævar Gíslason



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
35. eigendafundar Sorpu bs.
Fjarfundur
Föstudaginn 22. október 2021, kl. 11:30

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Hjördís Ýr Johnson, Kópavogi.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.
Kristinn Andersen, Hafnarfirði.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.

Enn fremur sátu fundinn Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. ásamt Gunnar Dofra Ólafssyni og Sigríði Katrínu Kristbjörnsdóttur frá Sorpu bs. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1) **Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2022-2026-Sorpa bs. / málsnr. 2108006**

Áframhaldandi umræða frá 34. fundi. Framkvæmdastjóri Sorpu bs., Jón Viggó Gunnarsson kynnir helstu forsendur fjárhagsáætlunar. Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir, fjármálastjóri Sorpu bs. kynnir rekstraráætlun fyrir árið 2022.

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir fjárhagsáætlun Sorpu bs. fyrir sitt leyti, og að fjárhagsáætlunin verði kynnt sveitarfélögunum. Þá verði stefnt að því að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu um fjárhagsáætlun Sorpu bs. fyrir árið 2022.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

346. fundur

Föstudaginn 8. október 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram á Hesthálsi 14 og í fjarfundi og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH) á fjarfundi, Rúnar Bragi Guðbrandsson (RBG), Helga Ingólfssdóttir (HI).

Gunnar Valur Gíslason boðaði forföll sem og varamaður hans.
Sigrún Edda Jónsdóttir boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.
Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála, sat einnig fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2022-2026
2. Lántaka
3. Framlenging aksturssamninga.
4. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2022-2026

Á eigendafundi 4. október 2021 óskuðu fulltrúar eigenda eftir því að í stað aukins framlags eigenda á árinu 2022 kæmi til ný lántaka félagsins. Framkvæmdastjóri og deildarstjóri fjármála fóru yfir fjárhagsáætlun 2022 miðað við að tekið yrði rekstrarlán upp á um 300 m.kr. en að aðrar forsendur áætlunarinnar væru þær sömu og kynntar voru á síðasta fundi stjórnar og eigenda. Samkvæmt áætlun árána 2023-2026 er gert ráð fyrir að á því tímabili þurfi eigendur að leggja félaginu til aukið fjármagn.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að boða til eigendafundar þar sem fyrirbyggjandi tillaga að fjárhagsáætlun Strætó bs. 2022-2026 verði kynnt.

2. Lánataka

Á 340. fundi stjórnar þann 21.5.2021 samþykkti stjórn að heimila framkvæmdastjóra að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 400 m.kr. til grænnar fjárfestingar í rafmagnsvögnum. Samþykkt stjórnar var staðfest á eigendafundi Strætó bs. þann 15.6.2021.

Á 345. fundi stjórnar þann 24.9.2021 óskaði stjórn eftir því við framkvæmdastjóra að skoða fleiri lánamöguleika. Tilboð barst frá Arion banka (viðskiptabanki félagsins) í grænt fjárfestingarlán og rekstrarlán til fimm ára. Framkvæmdastjóri fór yfir áhrif lántöku á fjárhagsstöðu Strætó til framtíðar, en fjárhagslegar kennitölur benda til að eigendur þurfi að leggja félaginu til aukið fjárframlag á næstu árum.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga samþykkti lánsúmsóknina á fundi sínum þann 24.8.2021. Lánið er að fjárhæð 400 milljónir króna til allt að 8 ára, vextir eru fastir 4,5%, óverðtryggðir. Einungis greiðast vextir fyrstu sex árin og höfuðstóll lánsins greiðist með tveimur jöfnum greiðslum á síðustu tveimur árum lánstímans.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að kalla eftir lánssamningi frá Lánasjóði sveitarfélaga og óska fyrir hönd stjórnar eftir nauðsynlegri ábyrgð frá aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins vegna lánsins en fyrir liggur að Lánasjóður sveitarfélaga krefst einfaldrar ábyrgðar og veðsetningar til

tryggingar ábyrgðinni í tekjum sveitarfélaganna í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Stjórn samþykkir jafnframt að leggja til við eigendavettvang að tekið verði rekstrarlán upp á um 300 m.kr. hjá viðskiptabanka félagsins á árinu 2022.

3. Framlenging aksturssamninga

Strætó bauð út akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2015, samningskaup nr. 13446. Voru samningar undirritaður í desember 2015 með upphafi samningstíma í ágúst 2016, annars vegar við Hagvagna ehf og hins vegar við Hópbíla Kynnisferðir hf. Samningstími beggja samninga var til 4 ára með heimild til framlengingar um 2x2 ár.

Fyrir fundinum lágu til afgreiðslu: samningur um framlengingu samnings Strætó bs. og Hagvagnae hf. og samningur um framlengingu samnings Strætó bs. og Hópbíla Kynnisferða ehf. Í báðum samningum kemur fram það mat stjórnenda Strætó bs. að akstursverktakar uppfylli skilyrði um framlengingu samnings og að samningar séu framlengdir um tvö ár, frá ágúst 2022 til ágúst 2024.

Stjórn samþykkir samningana og felur framkvæmdastjóra að undirrita þá fyrir hönd félagsins.

4. Önnur mál

Enginn önnur mál voru á dagskrá.

Fylgiskjöl: Drög að fjárhags- og starfsáætlun 2022-2026.

Fundi slitið kl. 12:15

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Rúnar Bragi Guðbrandsson



Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 20. október 2021

Varðar: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 231. stjórnarfundi þann 15. október 2021 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum.

Gjaldskráin hækkar í samræmi við vísitöluforsendur fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir fjárhagsáætlun 2022, en skrifstofan gerir ráð fyrir 5,4% hækkun launavísitölu og 2,4% hækkun neysluverðsvísitölu. Launavísitala vegur um 85% af forsendum hækkunar gjaldskrár SHS og neysluverðsvísitala 15%. Hækkun frá fyrra ári nemur því um 5%.

Um tvenns konar taxa er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 17.670 kr./klst.

Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 23.855 kr./klst. Mikilvægt þykir að gjaldtakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ólögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt. Því er einingaverð vegna gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast lögbundin verkefni slökkviliðsins 35% hærra en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Til að gjaldskráin öðlist gildi þarf samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og óskar undirritaður því hér með eftir samþykki að beiðni stjórnar slökkviliðsins.

Samhljóða bréf er sent stjórnnum hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllt,

Jón Viðar Matthíasson
slökkviliðsstjóri

Meðfylgjandi:

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 15. október 2021

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

I. kafli

Almennt.

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) ákvarðast annarsvegjar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegjar af ákvæðum í stofnsamningi SHS.

2. gr.

SHS innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SHS eru sett í stofnsamningi.

II. kafli

Lögbundin verkefni.

4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 17.670 króna.

5. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki 70.680 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimt er kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um lokunaraðgerðir er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 70.680 kr., auk 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 31. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimtar eru 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 53.010 kr. Fyrir stærri úttektir skal að auki innheimta 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram þrjá tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir endurkomu vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt fast gjald, 35.340 kr. fyrir hvert skipti. Fyrir aðra vinnu við eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimta 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar á sér stað utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 70.680 kr., auk 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir tvær klukkustundir, 35.340 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

III. kafli
Önnur verkefni og þjónusta.

11. gr.

Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa aðildarsveitarfélaga samkvæmt stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 17.670 kr. fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 23.855 kr. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 12.-14. gr., er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 190.836 kr.

12. gr.

Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Þau gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin ná til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistarfa í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri.

Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla hins vegar ekki undir lögin, né heldur eldvarnir í skipum með haffærisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Slökkviliðsstjóri metur það hverju sinni hvort sinna skuli beiðnum um verkefni sem liggja fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni slíku ólögboðnu verkefni skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 190.836 kr., auk 23.855 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

13. gr.

Viðbúnaður vegna upphreinsunar.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 190.836 kr., auk 23.855 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14. gr.

Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 190.836 kr., auk 23.855 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

15. gr.

Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnssýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfssemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 23.855 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhvern uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari.

Tæki SHS skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimtar eru að lágmarki 70.680 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

17. gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur er kveðið á um slíka fylgd í lögreglusamþykkt Reykjavíkur og veitir lögreglustjóri ekki heimild til flutnings nema í fylgd slökkviliðs. Innheimtar eru að lágmarki 70.680 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

18. gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum eða er í samræmi við stofnsamning SHS. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 70.680 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 17.670 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. kafli
Innheimta.

19. gr.

SHS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldldagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjaldldaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis- og lokaúttekta, sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. t.o.m. 10. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. kafli
Gildistaka og lagastoð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn SHS. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1554/2020.

F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.,


15. október 2021,

Dagur B. Eggertsson,
formaður.

(rafræn undirritun á öftustu síðu)

Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson



Undirritað af:
Dagur B Eggertsson
1906725739
Dags: 15.10.2021
Tími: 10:38:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 11579433-
87f5-432f-84a0-
30e3991c2338